

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 3. október 2023.

Mál nr. 673/2023:

Lögglustjórinn á Suðurlandi

(Margrét Harpa Garðarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Sverri Sigurjónssyni

(Sigurður Jónsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Þóknun verjanda. Úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.

Útdráttur

S var skipaður verjandi X við rannsókn sakamáls, en lét af þeim störfum þegar annar lögmaður var skipaður í hans stað. S gerði kröfu um að héraðsdómari úrskurðaði um þóknun honum til handa vegna framangreindra starfa og var það gert. Kærði S úrskurðinn til Landsréttar og krafðist þess að þóknun hans yrði hækkuð. Þar sem ekki lá fyrir að máli gegn X væri lokið í skilningi 1. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála var ekki talið tímabært að kveða á um þóknun S með þeim hætti sem gert hafði verið. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi..

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 29. september 2023, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. október sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 27. september 2023 í málinu nr. R-[...]/2023 þar sem varnaraðila var ákveðin þóknun vegna vinnu hans sem skipaður verjandi X við rannsókn sakamáls. Um kæruheimild er vísað til d-liðar 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að fjárhæð þóknunar honum til handa verði hækkuð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- Í 1. málslíð 1. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 segir að dómari ákveði þóknun verjanda í dómi eða úrskurði ef máli ljúki þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Í 2. málslíð sama lagaákvæðis er mælt fyrir um að ljúki máli ekki með þeim hætti ákveði dómari

Þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt. Ekki liggur fyrir að máli sóknaraðila gegn X hafi lokið í skilningi framangreindra ákvæða. Breytir þar engu um þótt varnaraðili hafi látið af störfum sem verjandi hans og nýr lögmaður verið skipaður í hans stað. Að þessu virtu var ekki tímabært að kveða á um þóknun varnaraðila með þeim hætti sem gert var með hinum kærða úrskurði, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 5. maí 2008 í máli nr. 219/2008. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

5 Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 27. september 2023

Mál þetta barst dóminum 24. ágúst 2023 og var þingfest og tekið til úrskurðar 12. september 2023.

Sóknaraðili er Sverrir Sigurjónsson lögmaður.

Varnaraðili er Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Dómkröfur sóknaraðila eru að dómurinn ákveði þóknun hans vegna verjandastarfa hans fyrir X vegna máls lögreglu nr. [...] í samræmi við framlagða tímaskýrslu sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er fallist á að sóknaraðili eigi rétt til þóknunar fyrir verjandastörfin, en þess krafist að þóknunin verði ákveðin lægri en samkvæmt tímaskýrslu sóknaraðila, að mati dómsins.

Málavextir

Fyrirverandi skjólstæðingur sóknaraðila var handtekinn 27. apríl sl., grunaður um aðild að mannláti á [...]. Var sakborningur leiddur fyrir dóm daginn eftir og var þá sóknaraðili skipaður verjandi hans. Sakborningi var gert að sæta gæsluvarðhaldi með úrskurði dómsins 29. apríl sl. og var sóknaraðili verjandi sakbornings eftir það. Verður ekki séð annað en að sú skipun hafi haldist þar til 11. ágúst 2023 þegar annar lögmaður var skipaður verjandi sakbornings, en allan þann tíma sætti sakborningur gæsluvarðhaldi og hluta þess tíma í einangrun, auk þess að sæta öðrum takmörkunum í gæsluvarðhaldinu.

Þann 17. júlí 2023 sendi sóknaraðili varnaraðila reikning vegna verjandastarfans, en raunar er reikningurinn frá Heimalandi ehf. sem mun vera félag í eigu sóknaraðila. Reikningurinn er að fjárhæð 13.905.620 krónur. Þar eru tilgreindar 440,95 vinnustundir og hver vinnustund tiltekin 24.300 krónur, auk 24,5% virðisaukaskatts. Fyrsti vinnudagur er tilgreindur 27. apríl sl. eftir að sakborningur var handtekinn og sá síðasti 15. júlí sl. þegar kemur símtal frá sakborningi til sóknaraðila um að hann ætli að skipta um verjanda. Þá er tiltekinn akstur á reikningnum, alls 5.115 kílómetrar og hver kílómetri á 121 krónu.

Með reikningnum fylgir sundurliðuð tímaskýrsla sóknaraðila vegna vinnunnar, sem og sundurliðuð yfirlit vegna aksturs.

Með tölvupósti varnaraðila til sóknaraðila 19. júlí 2023 var hafnað að greiða reikninginn að svo stöddu.

Í beiðni sóknaraðila segir að rannsóknin hafi verið afar yfirgripsmikil. Að kröfu lögreglu hafi sakborningur verið látinn sæta einangrun í fangelsinu á Hólmsheiði. Sakborningur hafi verið í miklu áfalli og liðið afar illa vegna andlátsins. Sóknaraðili hafi þurft að vera í stöðugu sambandi við hann meðan á einangrunarvistinni stóð, auk þess að vera viðstaddur fjölmargar skýrslutökur, húsleitir og setja fram kröfur um gögn og upplýsingar hjá lögreglu. Vegna málsins hafi sóknaraðili ávallt þurft að vera til taks og hafi m.a. misst af ferðalögum og uppákomum sem áður hafi verið bókaðar sumarið 2023 og hann hafi greitt fyrir. Málið hafi margsinnis verið tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands til framlengingar á gæsluvarðhaldi sakbornings. Þann 15. júlí sl. hafi svo sakborningur óskað eftir því að annar lögmaður yrði skipaður verjandi í stað sóknaraðila.

Þá segir í beiðni að sóknaraðili hafi haldið ítarlega tímaskýrslu vegna málsins og hefur hún verið lögð fram. Tímagjald sé í samræmi við reglur þar að lútandi, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008. Eftir að sóknaraðili hafi verið leystur frá störfum hafi fyrirtæki hans, Heimaland ehf., gefið út reikning til varnaraðila vegna verjandastarfa á grundvelli tímaskýrslunnar. Reikningurinn hafi ekki fengist greiddur og sé því borið við af hálfu lögreglu að sóknaraðili hafi eytt meiri tíma í verjandastörfin en nauðsynlegt hafi verið. Af hálfu sóknaraðila sé því hins vegar haldið fram að öll sú vinna sem tiltekin er á tímaskýrslunni hafi, eins og á stóð, verið nauðsynleg, sérstaklega í ljósi þess að sakborningur, sem hafi verið í áfalli vegna atviksins, hafi verið látinn sæta einangrun og þurft á mikilli aðstoð að halda, eins og fram komi í skýrslum sálfræðings.

Fram hafa verið lagðar 2 skýrslur sálfræðings Fangelsismálastofnunar, dags. 25. maí og 28. júní 2023. Þar kemur fram að gæsluvarðhaldsvistin hafi verið sakborningi mjög erfið og gengið nærri honum.

Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu gerir sóknaraðili kröfu sína um að dómari ákveði honum þóknun vegna framangreindra verjandastarfa hans í þágu sakbornings sem sætti gæsluvarðhaldi um margra vikna skeið. Byggir krafa sóknaraðila á tímaskýrslu hans og 38. gr. laga nr. 88/2008.

Hlutverk skipaðs verjanda sakaðs manns er skilgreint í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 88/2008, en þar segir að *[H]lutverk verjanda er að draga fram í málinu allt sem verða má skjólstæðingi hans til sýknu eða hagsbóta og gæta réttar hans í hvívetna.*

Tímaskýrsla sóknaraðila er alls 13 blaðsíður og eru þar 167 færslur vegna vinnu og 47 færslur vegna aksturs. Áberandi er í færslum vegna vinnu að þar eru tilteknar margar ferðir og margar vinnustundir sóknaraðila í fangelsið að Hólmsheiði til að tala við sakborning og er á stundum tiltekið að rætt sé um daginn og veginn. Þá eru ýmsar færslur þar sem sóknaraðili er að kaupa fyrir sakborning og færa honum ýmsar vörur s.s. snakk, drykkjarvörur og DVD diska. Þá kemur fram að sóknaraðili hefur eytt verulegum tíma í að hughreysta sakborning og ræða við hann á nótum sálgæslu. Þannig eru í tímaskýrslunni fjölmargar færslur sem ekki varða raunverulegar starfsskyldur skipaðs verjanda, s.s. vegna viðveru við skýrslugjöf sakbornings, viðveru vegna rannsóknaraðgerða lögreglu, vinnu í dómsal eða undirbúning vegna slíkrar vinnu og greinargerðaskrif vegna kæru úrskurða til Landsréttar.

Það er álit dómsins að verulegur hluti þeirrar vinnu sem tilfærð er á tímaskýrslu sóknaraðila sé utan starfsskyldna hans sem skipaður verjandi sakbornings eins og það er skilgreint í lögum. Hið sama gildir um akstur sem tilfærður er á tímaskýrslunni, þ.e. að margar ferðir sem tilteknar eru hafi verið óþarfar og að rétt hefði verið fyrir sóknaraðila að sinna þeim erindum með símtali, að því marki sem erindin féllu undir hlutverk skipaðs verjanda.

Í beiðni sóknaraðila er vísað til þess að vegna málsins hafi sóknaraðili ávallt þurft að vera til taks og þess vegna misst af ferðalögum og uppákomum sem áður hafi verið ákveðnar og greiddar. Þessar röksemdir virðast byggja á því að sóknaraðili hafi raunverulega verið á bakvakt vegna málsins allt síðastliðið sumar. Við ákvörðun þóknunar sóknaraðila er ekki unnt að líta til þessa. Þannig er ekki unnt að byggja ákvörðun

um þóknun á sjónarmiðum um bakvakt sem felur í raun í sér vinnu sem ekki var unnin. Þá er heldur ekki unnt að taka tillit til ferðalaga og uppákoma sem sóknaraðili kveðst hafa misst af vegna verjandastarfanna.

Að teknu tilliti til tímaskýrslu sóknaraðila og þess sem að ofan greinir verður þóknun sóknaraðila vegna málsins ákveðin þannig að samþykktur tímafjöldi er 204 stundir og er tímagjaldið 24.300 krónur, sbr. reglur Dómsstólasýslunnar nr. 1/2023, en við það bætist virðisaukaskattur og verður þannig þóknunin alls 6.146.928 krónur. Að sama skapi verður aksturskostnaður ákveðinn þannig að samþykktur fjöldi ekinna kílómetra verður 1.080 og er kílómetragjaldið 141 króna, sbr. auglýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um akstursgjald ríkisstarfsmanna nr. 1/2023. Aksturkostnaður verður þannig ákveðinn 152.280 krónur.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Þóknun sóknaraðila, Sverris Sigurjónssonar lögmanns, vegna starfa hans sem skipaður verjandi sakbornings í máli lögreglu nr. [...], er ákveðin 6.146.928 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Aksturskostnaður sóknaraðila vegna sama máls lögreglu er ákveðinn 152.280 krónur.